



Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúli 24
108 Reykjavík
frn@frn.is
Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 26. febrúar 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um heildarendurskoðun á reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“), fyrir hönd Tannsmiðafélags Íslands (hér eftir „TÍ“), hafa tekið til umsagnar heildarendurskoðun reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar. Óskað er eftir aðkomu TÍ að samningagerð SI er varðar þá gjaldliði er tannsmíði fellur undir.

Með samningum Sjúkratrygginga Íslands (hér eftir „SÍ“ eða „sjúkratryggingar“) við annars vegar Tannlæknafélags Íslands (hér eftir „TFÍ“ að „tannlækna“) og hins vegar við tannréttingasérfræðinga voru gerðar breytingar á reglugerð nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar og er þessi heildarendurskoðun sem umsögnin lýtur að gerð með tilliti til þessara samninga. Þar sem tannsmiðir á Íslandi eru skilgreindir sem heilbrigðisstarfsmenn samkvæmt skilgreiningu 31. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og þar sem einungis þeir tannsmiðir sem hafa starfsleyfi frá Embætti landlæknis geta smíðað lækningatæki hér á landi vill TÍ koma eftirfarandi á framfæri.

Tannsmiðir vinna við að framleiða sérsníðuð lækningatæki, svo sem krónur, brýr, tannréttingatæki, heilgóma og parta til þess að koma í stað náttúrulegra tanna og vefja. Um framangreinda framleiðslu gilda lög um lækningatæki nr. 132/2020 auk innlendra reglugerða þar um, sem og rammalöggjöf Evrópu um lækningatæki. Samtökin, f.h. TÍ, telja eðlilegt í ljósi þess að í vinnu tannsmiða felist samhangandi verkþættir við vinnu tannlækna og eftir atvikum tannréttingasérfræðinga, sé eðlilegt að þeir eigi aðkomu að þeirri samningagerð sem SÍ er að vinna að með annars vegar tannlæknum og hins vegar tannréttingasérfræðingum. TÍ þykir óljóst með umboð fyrrnefndra félaga til að í raun semja um þá gjaldliði í samningnum, svokallaða „t-liði“, sem tannsmíði fellur undir, án aðkomu tannsmiða.

Í TÍ eru rétt rúmlega 80 félagsmenn. Af þeim eru 5 sem starfa hjá tannlæknum eða tannréttingasérfræðingum. Stærsti hluti félagsmanna TÍ eru einyrkjar og eða starfa á sjálfstæðum tannsmiðaverkstæðum. Þá er lítill hluti félagsmanna hættur störfum, m.a. sökum aldurs, og lítill hluti félagsmanna starfar fyrir til dæmis Háskóla Íslands. Ljóst er því að tannsmiðir starfa í allflestum tilvikum utan tannlækna- eða tannréttingastofa og því eðlileg krafa að tannsmiðir komi að samningaborðinu rétt eins og fyrrnefndar starfsstéttir.

Í dæmaskyni má sjá í rammamning um tannréttingar, á milli tannréttingasérfræðinga og SÍ, sem tók gildi 1. september 2023, að ýmsir gjaldliðir sem tannsmíði á sérsníðuðum lækningatækjum taka til hafa verið felldir undir þann samning án aðkomu tannsmiða, sem þó hafa einir samkvæmt lögum um lækningatæki leyfi til að smíða.



SI munu að svo stöddu ekki koma að athugasemdum við sérstök ákvæði reglugerðarinnar en vilja nota tækifærið og koma á framfæri ábendingu um að eðlilegt þyki að SI komi að þátttöku í kostnaði sjúkratryggðra með álímnda þanskrúfur (e.hyrax).

SI og TÍ þakka fyrir tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri í þessu máli og vonast eftir nánara samtali við stjórnvöld vegna þátttöku sjúkratrygginga við tannsmíðakostnað.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink that reads 'Erla T. Stefánsd.' in a cursive script.

Erla Tinna Stefánsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði